

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS), kt. 480109-0310 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FMOS uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi skólans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

FMOS er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FMOS þjóna því.

Hlutverk og skipulag

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er framhaldsskóli með áfangasniði. Áhersla er lögð á bóknám til stúdentsprófs, auk náms í listgreinum og lýðheilsu- og íþróttagreinum. Boðið er upp á dagskólanám í skólanum. Á næstu árum er stefnt að því að auka námsframboðið, sérstaklega á sviði nýsköpunar- og tæknigreina og list- og handverksgreina.

Skólinn kennir sig við **auðlindir og umhverfi** í víðum skilningi og eru þær áherslur samfléttaðar við skólastarfið. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir. Enn fremur er stefnt að því að gera umhverfi skólans að lifandi þætti í skólastarfinu þar sem hugað verður m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og hvernig njóta má umhverfisins og nýta á skynsamlegan hátt. Skólinn leggur áherslu á að bjóða nemendum **metnaðarfullt nám** við hæfi hvers og eins, á stúdentsbrautum, stuttum starfsnámsbrautum og almennum brautum.

Hugmyndafræði og kennsluhættir skólans einkennast af því að **nemendur eru virkir þátttakendur í eigin námi**, öðlast sjálfstæði og stjórna námshraða sínum með góðum stuðningi kennara og námsráðgjafa. Notaðar eru fjölbreyttar verkefnaíðaðar kennsluaðferðir og námsmat sem er stöðugt í gangi og miðast við hugmyndir um **leiðsagnarmat**. Upplýsingatæknin er notuð til að auka fjölbreytni í skólastarfinu. Stundatafla nemenda er **sveigjanleg** og nemendur stjórna hluta af tíma sínum sjálfir.



Lögð er áhersla á að byggja upp öflugt félagslíf nemenda þar sem allir nemendur geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

FMOS leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

Nánar um hlutverk, stefnu og hugmyndafræði á vef skólans.

Stjórnskipan

Stjórnun skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara.

3. Viðfangsefni

FMOS stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá FMOS er birt á vef skólans, www.fmos.is, en vefurinn er í senn upplýsingavefur um skólastarfið og skólanámskrá.

Námsbrautir í FMOS:


Almenn braut	60 fein.
Íþrótt- og lýðheilsubraut	90 fein.
Listabraut	90 fein.
Félags- og hugvísindabraut	200 fein.
Náttúruvísindabraut	200 fein.
Sérnámsbraut (starfsbraut)	200 fein.

b. Skólabragur

Skólareglur og jafnréttisáætlun eru birtar á vef skólans, aðrir kaflar eru í vinnslu og gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í upphafi samningstímans.

c. Innritun og brotthvarf

Innritunarreglur, þ.e. inntökuskilyrði á námsbrautir, eru birtar á vef skólans,



Mynd 1: Brottfall hér er reiknað sem brotthvarf innan annar, þ.e. heildareiningafjöldi þegar 2-3 vikur eru liðnar af önnur mínus heildareiningafjöldi við lok annar.

M₂
Gpa

d. Kennslufyrirkomulag

Upplýsingar um kennsluhætti í FMOS eru á vef skólans.

e. Nemendur með sérþarfir

FMOS starfrækir sérnámsbraut (starfsbraut) fyrir fatlaða nemendur, þar sem áherslan er á sérskipulagðar einstaklingsnámskrár og nemendur fá tækifæri til að stunda nám í almennum hópum eftir getu og áhuga.

Nemendur með sérþarfir, t.d. leshömlun, athyglisbrest og ofvirkni fá sérstakan stuðning í byrjunaráföngum. Nemendum með annað móðurmál en íslensku býðst einstaklingsmiðuð kennsla í íslensku.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Niðurstöður úr innra mati (sjálfsmati) birtast í sjálfsmatsskýrslum á vef skólans.

Ytra mat á skólastarfi FMOS hefur ekki verið gert.

4. Sérstök rekstrarverkefni

Engin.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FE. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innna

ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.


7. Gildistími og endurskoðun


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 13/2 2013
Staður og dagsetning


Mennta- og menningarmálaráðherra


Skólameistari